

Yfirskrift	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur nr. 1	Dagsetning	7. janúar 2020	Tími	12:00 – 13:00
Fundarstaður	Skrifstofa FFR, Hverfisgötu 105, Reykjavík			
Fundarstjóri	MH			
Ritari	KS			
Á fundinn mættu:	Árni Bragason (ÁB), Ársæll Guðmundsson (ÁG), Ásdís Ármannsdóttir í gegnum Skype (ÁÁ), Halldór Ó. Sigurðsson (HÓS), Harpa Þórsdóttir (HP), Kristján Sverrisson (KS), Margrét Hauksdóttir (MH) og Jóhanna Á. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri félagsins.			
Fjarverandi				
Fylgiskjöl				
Vistun gagna	JÁJ			

## Fundargerð stjórnarfundar FFR 7. janúar 2020

### 1. Fundargerð 3. desember 2019

Fundargerð stjórnarfundar frá 3. desember 2019 samþykkt

### 2. Launahækkun forstöðumanna skv. 4. mgr. 39. gr. a laga nr. 70/1996

MH fór yfir samskipti JÁJ við KMR vegna launahækkunar forstöðumanna skv. 4. mgr. 39. gr. laga nr. 70/1996 og bráðabirgðaákvæði laga nr. 79/2019. Í starfsmannalögum nr. 70/1996 segir að ráðherra skuli meta árlega hvort tilefni sé til að endurmeta laun forstöðumanna. ÁG telur mikilvægt að FFR sækji það stíft að laun hækki árlega og að nauðsynlegt sé að launahækkunum forstöðumanna verði ekki frestað. Fundarmenn sammála um að mikilvægt sé að laun forstöðumanna verði ekki eltihópur eða að ákvörðunum um launahækkun verði frestað. Samþykkt að skrifa bréf til KMR þar sem þess verði krafist að laun forstöðumanna hækki frá 1. janúar 2020.

### 3. Forstöðumenn ríkisstofnana og forstjórar ríkisfyrirtækja

Samþykkt að JÁJ geri list yfir þá forstöðumenn sem FFR fær greitt fyrir frá Fjársýslu ríkisins, sbr. 39. gr. a og beri saman við lista yfir félagsmenn FFR. Stjórnarmenn sammála um að ekki sé mikil samlegð með forstöðumönnum ríkisstofnana og forstjórum ríkisfyrirtækja.

### 4. Ráðuneytisstjórar og skrifstofustjórar

JÁJ fór yfir svör ráðuneyta við spurningum FFR um það hvenær núverandi ráðuneytisstjórar og skrifstofustjórar voru skipaðir, hvort embætti þeirra hafi verið auglýst eða ekki, hvort embætti hafi verið auglýst að loknum fimm ára skipunartíma. Starfsöryggi forstöðumanna virðist samkvæmt svörum ráðuneytanna vera miklu minna en starfsöryggi ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra. Mannaforráð og fjármálaábyrgð er allt önnur en forstöðumanna. Áður fyrr fékk starfskjaranefnd sendar upplýsingar um launaþróun forstöðumanna og annarra aðila frá KMR. Samþykkt að HÓS óski eftir því við KMR að fá sendar upplýsingar um launaþróun forstöðumanna, skrifstofustjóra, ráðuneytisstjóra og félagsmanna í BHM.

## 5. Fjölmiðlanámskeið

Samþykkt að bjóða upp á fleiri fjölmiðlanámskeið fyrir forstöðumenn. JÁJ verður í sambandi við Andrés Jónsson. MH verður í sambandi við Sverri Jónsson vegna umsóknar FFR til Starfsmenntunarsjóðs.

## 6. Starfslok JÁJ

Stjórnin fór yfir auglýsingu vegna starfs framkvæmdastjóra. Samþykkt að JÁJ verði í sambandi við Morgunblaðið og Fréttablaðið varðandi birtingu auglýsingarinnar.

## 7. Félagsfundur á vorönn

Samþykkt að HP ræði við þjóðminjavörð og kanni með heimboð til félagsmanna í febrúar. Samþykkt að halda félagsfund í mars.

Verkefni	Úthlutað til Ábyrgð/pátttaka	Ljúka fyrir
Bréf til ráðherra vegna launahækkun forstöðumanna	MH og JÁJ	Lokið
Listi yfir félagsmenn vs. forstöðumenn sem fáum greitt fyrir	JÁJ	Lokið
Launaþróun forstöðumanna og annarra frá KMR	HÓS	
Fjölmiðlanámskeið – skipuleggja námskeið með Andrési	JÁJ	Lokið
Starfsauglýsing	JÁJ	Lokið
Hafa samband við Ísland. is vegna heimasíðu FFR	JÁJ	